

## Sjúkrasjóður Félags leiðsögumanna

### **(Grein 12.4 eins og hún birtist nú í lögum FL.)**

12.4 Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 266.700.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttahafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Láti sjóðfélagi hvorki eftir sig maka né barn undir 18 ára aldri gangi fjárhæðin til dánarbúsins. miðast við Bótafjárhæð launavísitölu pr. 31.12.2012 sem er 437,7 stig og tekur sömu breytingum og hún.

### **(Tillaga stjórnar FL á aðalfundi 2016, að breytingu á 12.4. Gr.)**

*Endurgreiddur er kostnaður við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 266.700.- krónum m.v. starfshlutfall hans. **Greiddur er hálfur útfararstyrkur vegna fráfalls fyrirverandi sjóðfélaga allt að tveimur árum eftir starfslok.** Réttahafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Láti sjóðfélagi hvorki eftir sig maka né barn undir 18 ára aldri gangi fjárhæðin til dánarbúsins. Bótafjárhæð miðast við launavísitölu pr. 31.12.2012 sem er 437,7 stig og tekur sömu breytingum og hún.*

*Með umsóknum um styrk þarf að fylgja yfirlit um framvindu skipta. Styrkurinn greiðist til lögerfingja.*

## **Sjúkrasjóður Félags leðsögumanna**

### **(Grein 12.8 a, b, c og d eins og hún birtist nú í lögum FL.)**

12.8 a) Heimilt er að taka þátt í kostnaði við fyrirbyggjandi líkamsrækt, allt að 10% af mánaðarlaunum í 4. launaflokki.

b) Vegna sjúkrahjálfunar er heimilt að greiða allt að helmingi kostnaðar sjóðfélaga, þó aldrei meira en 40.000 kr. á ári.

c) Að greiða allan kostnað við krabbameinsleit hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands, eða heilsugæslustöðvum gegn framvísun félagsskírteinis eða beiðni sjóðsins,

d) Hjartavernd, helmingskostnaður við áhættumat og þolpróf, þó aldrei meira en 15.000 kr. á ári.

Sjúkrasjóði er heimilt að taka þátt í kostnaði félagsmanna vegna kostnaðarsamrar heilbrigðisþjónustu. Þó ekki kostnaði vegna tannlækninga og tannviðgerða.

Kostnaðarsöm heilbrigðisþjónusta telst vera þegar útlagður kostnaður er 85.000 kr. eða hærri. Styrkur er metinn hverju sinni og er ekki hærri en 40% af kostnaði eða að hámarki fullur sjúkrastyrkur, auk þátttöku í ferðakostnaði, sé um hann að ræða. Styrk samkvæmt þessari reglu er að jafnaði ekki hægt að veita sama félagsmanni nema einu sinni á þriggja ára tímabili.

Stjórn sjóðsins er og heimilt að veita sjóðfélögum styrki vegna örorku, fötlunar eða sérstakra aðstæðna, sem hafa í för með sér launamissi og/eða veruleg fjárútlát.

Fullur sjúkrastyrkur á einu ári er 30% af 4. launaflokki sem er í febrúar 2013, 78.612 kr.

### **Tillaga stjórnar FL á aðalfundi 2016, að breytingu á 12.8 a, b, c og d . gr.**

#### **a) Líkamsrækt:**

*Endurgreiddur er kostnaður vegna heilsueflandi líkamsræktar, allt að 10% af mánaðarlaunum í 4. launaflokki eða að hámarki kr. 30.000 á hverju almanaksári. Einungis er greitt fyrir líkamsrækt sjóðfélaga sjálfs.*

#### **b) Sjúkrameðferðir:**

*Endurgreiddur er kostnaður vegna meðferða og/eða heilbrigðisþjónustu samanlagt að hámarki kr. 45.000 á hverju almanaksári fyrir eftirfarandi:*

- *Sjúkrahjálfun.*
- *Iðjuhjálfun.*
- *Sjúkranudd.*
- *Meðferð hjá kírópraktor.*
- *Sálfræðiþjónustu.*

- *Hjúkrunarmeðferð.*
- *Félagsráðgjöf.*
- *Stoðtækjaþjónusta.*
- *Göngugreiningu.*

*Meðferðin þarf að vera samkvæmt læknisráði og framvísa skal beiðni frá lækni þar að lútandi. Meðferðaraðili skal hafa starfsleyfi frá landlækni og meðferð falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.*

### **c) Krabbameinsleit og hjartavernd:**

*Endurgreiddur er kostnaður að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári fyrir krabbameinsleit.*

### **d) Hjartavernd**

*Endurgreiddur er kostnaður að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári fyrir áhættumat vegna hjartasjúkdóma hjá Hjartavernd.*

### **e) Dvöl á heilsustofnun**

*Endurgreiddur er kostnaður vegna dvalar til endurhæfingar að læknisráði hjá viðurkenndri heilsustofnun innanlands. Hámarksgreiðsla er kr. 40.000 á þriggja ára fresti.*

### **f) Gleraugu og augnaðgerðir**

*Endurgreiddur er einu sinni kostnaður vegna laseraðgerða á öðru auga kr. 40.000 eða kr. 80.000 á báðum augum.*

*Endurgreiddur er kostnaður vegna linsu- eða gleraugnakaupa (gleryjum og umgjörð) að hámarki kr. 40.000 einu sinni á þriggja ára fresti.*

*Ekki er endurgreitt fyrir laseraðgerðir og gleraugu hjá sama sjóðsfélaga á sama almanaksári.*

### **g) Heyrnartæki**

*Endurgreiddur er kostnaður vegna kaupa á heyrnartækjum að hámarki kr. 40.000 einu sinni á þriggja ára fresti.*

### **h) Tannviðgerðir**

*Endurgreiddur er kostnaður vegna tannviðgerða sem nemur 40% af heildarkostnaði sé hann hærrí en kr. 100.000 á hverja umsókn. Endurgreiðsla er kr. 40.000 að hámarki á hverju almanaksári. Reikningar mega vera allt að 12 mánaða gamlir miðað við umsóknardag. Einungis er tekið er þátt í þessum kostnaði hjá sama sjóðsfélaga á þriggja ára fresti.*